

Miðvikudaginn 26. október 1994.

Nr. 430/1994. **Lögreglustjórnin í Reykjavík**  
 gegn  
**Engilbert Runólfssyni**  
 (Páll A. Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. október sl., sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 föstudaginn 4. nóvember 1994, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Sóknaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan til Hæstaréttar, og kemur því eigi til álita krafa um lengingu gæsluvarðhalds.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að innflutningi verulegs magns hættulegra fíkniefna frá Lúxemborg 19. október sl. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu, en varnaraðili hefur frá upphafi neitað aðild að því. Þar sem ólokið er veigamiklum þáttum í rannsókn málsins, þykir hætta á, að varnaraðili geti torveldað framgang hennar. Með vísan til þess svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.**

Ár 1994, föstudaginn 21. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Engilbert Runólfs-  
syni, kt. 180964-5769, Lækjargötu 4, Reykjavík, verði gert að sæta gæslu-  
varðhaldi allt til föstudagsins 4. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um  
brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

— — —

Mál það, sem hér er til rannsóknar, lýtur að innflutningi á miklu magni  
hættulegs fíkniefnis, sem talið er, að hægt hefði verið að selja hérlandis fyrir  
milljónir króna, ef innflutningur hefði heppnast. Framburður Gunnars  
Valdimarssonar og gögn málsins að öðru leyti þykja bendla kærða svo  
sterklega við að vera viðriðinn málið með sagnæmum hætti, að ekki þykir  
annað fært en verða við kröfu lögreglustjórans um, að kærði verði látinn  
sæta gæsluvarðhaldi, en brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað  
hann fangelsisrefsingu samkvæmt áðurnefndum lagaákvæðum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr.  
19/1991 verður kærði látinn sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til mánu-  
dagsins 31. október nk. kl. 16.00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Engilbert Runólfsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur  
en til mánuðagsins 31. október nk. kl. 16.00.

---